

Ingvar Sigurgeirsson og Jóna Benediktsdóttir í samstarfi við
kennara í Grunnskóla Ísafjarðar

Gerum meira en þarf
Innleiðing teymiskennslu
í Grunnskólanum á Ísafirði

Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Grunnskólinn á Ísafirði

Nafn verkefnisstjóra: Jóna Benediktsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 66. 2017-2018

Markmið verkefninsins

Markmið verkefnisins voru þríbætt: Í fyrsta lagi að efla stuðning við nemendur á fyrsta ári grunnskólans, meðal annars með því að innleiða teymiskennslu, þ.e. að börnin njóti kennslu tveggja eða fleiri kennara sem eru samábyrgir fyrir kennslunni, undirbúa sig saman og kenna, a.m.k. að einhverju marki saman. Til að gera þetta kleift var einn kennarastöðu bætt við kennarahópinn sem sinnir fyrsta bekk (48 nemendur), auk þess að leggja kennsluna upp sem teymiskennslu. Hugmyndin að baki verkefninu byggir á því að styrkja nám barnanna við skólabyrjun með öflugum hætti með því að leggja strax góðan grunn; stuðla að vellíðan barnanna og betri námsárangri. Ísafjarðarbær hefur samþykkt þennan viðbótarstuðning til þriggja ára.

Í öðru lagi beindist verkefnið að því að vekja athygli og áhuga sem flestra kennara á möguleikum í teymiskennslunnar og styðja þá kennara sem vildu innleiða hana. Fjölmargar innlendar og erlendar rannsóknir benda til þess að teymiskennslu fylgi fjölbreyttari kennsluhættir, frjórri og betri starfsandi, öflugri starfsþróun og betri námsárangur.¹ Þess var vænst að nokkrir kennrar óskuðu eftir því að fara þessa leið.

Leiðin að markmiðum

Verkefnið var kynnt fyrir kennurum skólans vorið 2017. Samið var við hóp kennara um að taka að sér kennslu fyrsta bekkjar í ljósi þeirrar ákvörðunar að starfið þar væri byggt á teymiskennslu. Tvö önnur teymi voru mynduð; tveir kennrar tóku að sér 5. bekk (28 nemendur) og tveir kennrar tóku að sér að vera saman með 7. bekk (37 nemendur), en þeir síðastnefndu höfðu byrjað teymiskennslu árið á undan.

Sérstakar ráðstafanir voru, eins og áður greinir, gerðar til að styrkja kennsluna í 1. bekk, meðal annars með því að ráða viðbótarkennara. Teymið var skipað þremur grunnskólakennurum, einum leiðbeinanda (sem er í kennaranámi) og þremur stuðningsfulltrúum.

Áhersla var lögð á að finna teymunum húsnaði sem hentaði. Fyrsta bekkjar teymið fékk til ráðstöfunar þrjár samliggjandi kennlustofur, ásamt litlu aukaherbergi. Fimmta- og sjöundabekkjar teymín fengu samliggjandi skólastofur þar sem opið er á milli.

Ráðinn var ráðgjafi að verkefninu; Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, en hann hefur á undanförnum árum rannsakað teymiskennslu og verið fjölmörgum skólum innan handar um innleiðingu þessara starfsháttta. Ráðgjafi heimsótti skólann fjórum sinnum á skólaárinu; í ágúst 2017 til að fylgja verkefninu af stað, í nóvember 2017 og febrúar 2018 til að fylgjast með kennslu og eiga fundi með kennurum og í júní 2018 til að taka þátt í uppgjörfundi þar sem teymín gerðu grein fyrir árangri verkefnisins og hindrunum. Á fundum með kennurum var fjallað um ólíkar útfærslur á teymiskennslu, kosti hennar og galla, sem og um ýmis þau úrlausnarefni sem við var að glíma hverju sinni. Þá leitaðist ráðgjafi við að kynna sér viðhorf nemenda til þessa fyrirkomulags.

¹ Sjá um þetta t.d. hér: <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryr/10.pdf>

Frávik og hindranir

Verkefninu hefur miðað mjög vel áfram. Einungis er hægt að nefna þrjú atriði sem telja má til hindrana. Hið fyrsta snertir veikindi eins kennara sem þurfti frá að hverfa á miðju skólaári, en af því leiddi að endurskoða þurfti áætlanir um áramót. Annað atriði snertir húsnæði, þ.e. að kennslustofur þær sem valdar voru fyrir kennslu 1. bekkjar eru heldur litlar, sem m.a. hindraði möguleika á að þróa sveigjanleg námsrými (t.d. valstöðvar eða vinnusvæði). Þriðja hindrunin snertir agnúa á skipulagi stundatöflu, þ.e. að þær voru ekki nægilega samræmdar.

Mat á verkefninu, niðurstöður

Kennarateymin, stjórnendur og ráðgjafi eru sammála um að meginmarkmið verkefnisins hafi náðst. Kennarateymin hafa náð vel saman og náð að leysa flest þau úrlausnarefni sem upp hafa komið með farsælum hætti. Einnig hefur sú formlega leiðsögn sem teymín fengu orðið til þess að hver hópur hefur íhugað eigin störf með markvissari hætti og gert grein fyrir niðurstöðum sem er öflugt skref til framfara eitt og sér.

Teymin stigu misstór skref. Fyrsta bekkjar teymið ákvað að fara hægt af stað, m.a. í ljósi þess að í hópnum voru tveir kennrar að hefja kennslu. Nemendahópnum var blandað saman í þrjár kennslustundir í hverri viku (stöðvavinna) fljóttlega eftir skólabyrjun, en þegar leið árið var þeim sameiginlegum stundum fjölgæð og voru orðnar sex í lok ársins. Teymið hélt daglega samráðsfundi þar sem kennrar báru saman bækur sínar. Fimmta- og sjöundabekkjarteymin gengu lengra og þar voru flestar bóknámsstundir sameiginlegar og gaf það góða raun. Ein megin niðurstaða verkefnisins er að sérstakur styrkur geti verið af því að tveir kennrar séu jafnan til staðar.

Gerð var könnun meðal foreldra á viðhorfum þeirra vegna verkefnisins en ekki eru til samanburðartölur frá fyrri árum svo ekki er hægt að segja til um að hvaða marki svörin tengjast þessu verkefni sérstaklega. 90% foreldra meta líðan barns síns við lok 1. bekkjar góða eða mjög góða. 90% foreldra telja einnig að starfsfólk skólans hafi gengið vel eða mjög vel að mæta þörfum barns þeirra, 10% segja sæmilega og enginn svarar að illa hafi gengið. Í opnum svörum foreldra kemur meðal annars fram ánægja með blöndun milli bekkja og samstarf kennaranna um börnin.

Ávinnungur

Teymin tilgreina eftirfarandi kosti við innleiðingu teymiskennslu:

- Styrkleikar kennara nýtast betur.
- Kennrar læra hver af öðrum í gegnum stöðugar samræður.
- Samræða kennara leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta.
- Margir möguleikar skapast á verkaskiptingu, t.d. við undirbúnning kennslu.
- Meiri sveigjanleiki varðandi vinnu með nemendum í hópum.
- Kennrar kynnast öllum nemendum í árganginum.
- Nemendur hafa val um kennara (útskýringar, leiðsögn, ráðgjöf, stuðningur).
- Auðveldara er að taka á agavandamálum.
- Lausnir eru traustari þar sem tveir eða fleiri hafa komið að málum.

Helstu gallar og hindranir voru þessar:

- Byrjunarörðugleikar vegna reynsluleysis (einkum í 1. bekk).
- Ólíkur skilningur kennara á teymiskennsluhugtakinu.
- Kennraskipti urðu í einu teyminu vegna veikinda og varð þá að hefja umræðu um suma þætti á ný. Mat kennaranna var þó að þegar upp var staðið hafi þetta styrkt teymisvinnuna.

- Tímaskortur.
- Stundatöflur kennara voru ekki nægilega samræmdar.

Allir kennararnir voru sammála um að kostirnir vægu mun þyngra en gallarnir.

Kynning á verkefninu

Ráðgjafi mun nýta niðurstöður verkefnisins við greinaskrif og í tengslum við fyrirlestra og námskeið sem hann heldur um kosti og galla teymiskennslu, sem og við ráðgjöf um innleiðingu teymiskennslu. Verkefnið hefur ítrekað verið kynnt á kennarafundum við Grunnskólann á Ísafirði og í nágrannaskólum með það að markmiði fleiri kennarar óski eftir að fara þessa leið.

Framhald vinnunnar í Grunnskólanum á Ísafirði

Tvö teymanna munu halda áfram og þess er vænst að nýtt teymi verði myndað um kennslu 1. bekkjar næsta skólaár. Þá eru bundnar vonir við að kennarar fleiri árganga muni ákveða að vinna saman sem teymi. Samið hefur verið við ráðgjafa um að tengjast þessu starfi áfram og mun hann heimsækja skólann í september og ræða við þau teymi sem þá hafa verið mynduð og verður leitast við að veita þeim stuðning.

Búið er að gera ráðstafanir til að bregðast við ábendingum kennara um hindranir eftir því sem hægt er. Skipt hefur verið um stofu hjá teyminu sem var í fyrsta bekk og fer nú í annan bekk þannig að teymið hafi aðgang að einni stórri stofu og tveimur litlum og næsti fyrsti bekkur verður einnig í samskonar húsnaði. Flóknara er að bregðast við því sem snýr að stundatöflu þar sem ekki er mögulegt að setja nema einn bekk í einu í sund eða íþróttir og þessir tímar taka því mikið pláss í stundatöflu árganga.

Rekstrarreikningur

Styrkur Sprotasjóðs vegna verkefninsins var 400 000 krónur. Þeirri fjárhæð var varið til að greiða sérfraðiráðgjöf vegna teymiskennslu samkvæmt meðfylgjandi reikningum upp á 413 100 kr. Annar kostnaður, svo sem aukin kennslustundaúthlutun og umsýsla verkefnistjóra í skólanum var greiddur af Ísafjarðarbæ.

Tekjur	Ráðstöfun tekna
400 000	Heimsókn I 127 100
	Heimsókn II 84 000
	Heimsókn III 130 000
	Heimsókn IV 72 000
	Gjöld alls 413 100

